

Nd. 1002. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
Við 11. gr. laganna bætist nýr tölul. svohljóðandi:
Lán til sveitarfélaga og/eða félagasamtaka til byggingar kaupleiguíbúða.
2. Við 3. gr. Í stað „170 m²“ í c-lið komi 140 m².
3. Á eftir 11. gr. komi ný grein er orðist svo:
Við lögum bætist ný grein er verður 29. gr. og orðast svo:
Lán skv. 10. tölul. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum og/eða félagasamtökum til byggingar íbúða með kaupleigufyrirkomulagi.
Heimilt er að kaupa íbúðir í þessu skyni þar sem það hentar betur.
Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúðum geta verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða.
Lán þessi mega nema allt að 80% byggingarkostnaðar og vera til 40 ára. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr. laganna.
4. Við 12. gr.
Í stað „1.–8. tölul. 11. gr.“ í 1. mgr. komi: 1.–8. og 10. tölul. 11. gr.
Í stað „1.–7. tölul. 11. gr.“ í 4. og 5. mgr. komi: 1.–7. og 10. tölul. 11. gr.
5. Á eftir 14. gr. komi ný grein er orðist svo:
Við 33. gr. laganna bætist nýr stafliður svohljóðandi:
d. Kaupleiguíbúðir sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og/eða félagasamtökum og ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum þeim sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun af félagslegum ástæðum. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu eða kaup á kaupleiguíbúð geta verið launþegafélög, lífeyrissjóðir, starfsmannafélög, byggingarsamvinnufélög og fleiri félagasamtök sem með þátttöku sinni geta tryggt félagsmönnum sínum forgang að hluta þessara íbúða. Lánin mega nema allt að 80% byggingarkostnaðar. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 49. gr. laganna.
Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.